

253. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 8. janúar 2025 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Hjörvar Gunnarsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Sýlvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Ingunn Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2412079 - Akrasel - ábendingar frá foreldrafélaginu

Erindi frá foreldrafélagi leikskólans Akrasels. Anney Ágústsdóttir leikskólastjóri fylgir málinu eftir.

Áheyrnarfulltrúar leikskólanna sitja fundinn undir dagskrárliðum 1-3.

Foreldrafélag leikskólans Akrasels vekur athygli á atriðum er snúa að auknu öryggi og vellíðan barna í leikskólanum. Lagt er til að sett verði upp lágt grindverk á útisvæði til að aðgreina yngstu börnin frá þeim elstu. Að gerðar verði úrbætur vegna loftskipta í fataherbergjum og að útbúinn verði fótboltavöllur fyrir börnin. Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir erindið og vísar því til umfjöllunar hjá skipulags- og umhverfisráði.

2. 2501075 - Skólapúls leikskóla 2024

Ingunn Sveinsdóttir leikskólastjóri í Garðaseli og Íris G. Sigurðardóttir leikskólastjóri í Teigaseli kynna niðurstöður Skólapúlsins 2024 fyrir sína skóla.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða og gagnlega yfirferð á niðurstöðum Skólapúlsins sem varpa ljósi á og styðja við það gæðastarf sem unnið er í leikskólunum.

3. 2501076 - Starfsáætlun leikskóla 2024-2025

Íris G. Sigurðardóttir leikskólastjóri í Teigaseli kynnir starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2024-2025.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynninguna og staðfestir starfsáætlun Teigasels fyrir skólaárið 2024-2025.

Áheyrnarfulltrúar leikskóla víkja af fundi.

4. 2312091 - Reiðhöll á Æðarodda - húsaleigusamningur

Umræða um húsaleigusamning milli Akraneskaupstaðar og Hestamannafélagsins Dreyra um reiðhöll við Blautós 1 á Æðarodda.

Daníel S. Glad og Guðmunda Ólafsdóttir sitja fundinn undir þessum dagskrárlíð.
Skóla- og frístundaráð áréttar að í samræmi við Reglur Akraneskaupstaðar um æfinga- og keppnisaðstöðustyrki gengur barna- og unglingsstarf fyrir öðrum við niðurröðun æfingatíma í tímatöflu íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar, þ.m.t. í reiðhöll. Ráðið felur sviðsstjóra og forstöðumanni íþróttamála- og íþróttamannvirkja að fylgja eftir ákvæðum húsaleigumsamnings milli Akraneskaupstaðar og Dreyra með reglubundnu samtali við stjórn Dreyra.

Daníel S. Glad og Guðmunda Ólafsdóttir víkja af fundi.

5. 2406254 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags - verklagsreglur

Sviðsstjóri leggur til við skóla- og frístundaráð að unnar verði reglur um málsmeðferð vegna beiðna um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Skóla- og frístundaráð tekur undir mikilvægi þess að unnar verði verklagsreglur vegna námsvistar utan lögheimilissveitarfélags. Sviðsstjóra og verkefnastjóra falið að vinna málið áfram.

6. 2501082 - Afnot af húsnæði Akraneskaupstaðar fyrir myndlistarnámskeið 2025

Skóla- og frístundaráð tekur jákvætt í erindið og leggur til við bæjarráð að heimila endurgjaldslaus afnot af húsnæði Akraneskaupstaðar vegna myndlistarnámskeiðs 2025. Námskeiðið verður í 10 vikur og skráningar mun fara fram í gegnum Abler.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.